

Stöð

Handrit þessarar lýsingar skrifaði Stefán Einarsson prófessor eftir Sigurbirni Guttormssyni, 65 ára; fæddur í Stöð 8. Febrúar 1892 og uppalinn.

Stöð á land norðan ár, **Stöðvarár** (1), og norður á eggjar. Fyrir botni Stöðvardals er hár tindur, **Jökultindur** (2). Utan við hann heitir **Jökulhjalli** (3), þar utar klettabelti, **Svarthamar** (4). Stöðvará kemur úr tveim kvíslum, og heita **Tungur** (5) á milli þeirra. Fjallið frá Jökultindi út að **Háöxl** (6) heitir **Hvalfjall** (7) / (**Hvelfjall** (8) sagði Sigurður Stefánsson, Búðum, B.D., líklega skýring). Yzt í Hvalfjalli heitir **Ófæruskarð** (9). Í miðju Hvalfjalli er grashjalli, kallaður **Sauðarák** (10). **Stóra-Rák** (11) heitir þar einhvers staðar. Háöxl heitir hátt fjall fyrir utan Hvalfjall. Þar fyrir neðan eru grasivaxnir hjallar, **Háaxlarhjallar** (12). Meðfram nyrðri kvísl Stöðvarár heita **Stórugrjót** (13). Nokkru utar fellur Þverá í Stöðvará. **Hádegisskarð** (14) (frá Gestsstöðum) er fyrir utan Háöxl. **Afrétt** (15) heitir frá **Þveránni** (16) að innan og nær ofan á **Afréttarbrúnir** (17). Næsta fjall er **Álftafell** (18), sem skilur **Stöðvardal** (19) og **Jafnadal** (20). Á bak við Álftafell milli þessara dala er **Lakaskarð** (21). Neðan við Afréttarbrúnir er fjall, sem heitir **Brennistaðafjall** (22). Neðan við það nokkuð utan við Þverá heita **Hrossamýrar** (23) niðri við á. **Brennistaðir** (24) heita þar utar (engvar rústir). Utan við Brennistaði er gömul kolagryfja. Upp af Brennistöðum heita **Grænudý** (25) í fjalli. Brennistaðir ná út að **Hústótt** (26), beitarhúsum á dögum séra Jóns Austmanns. Niður úr Afrétt utarlega liggur **Göngugjót** (27) ofan við miðjan **Fíflahjalla** (28). Ofan við Göngugjót er **Göngugjótarbotn** (29). Fíflahjalli er upp af Hústótt. Fyrir utan Hústótt eru tvö holt niðri við á, kölluð **Innra-Skógarholt** (30) og **Ytra-Skógarholt** (31), nema Ytra-Skógarholtið eitt sé nefnt, og mun það eldri málvenja. Fyrir utan Álftafell er **Ásbrún** (32), langur röðull, sem nær út að Þverá rétt innan við Stöðvarbæ. Fyrir neðan Ásbrún er skógi vaxin hlíð, kölluð í **Ási** (33). Nokkru fyrir utan Skógarholt heitir **Grænibali** (34) neðan við Ás. Sléttan utan við Skógarholt niður að Stöðvará og upp undir Ás og út að Þverá heitir **Nes** (35). Neðst í Ás utan til er stutt gil, **Stekkjargil** (36). Rétt utan við það er **Stekkjarmelur** (37). Hár melur innan við Þverá er stundum nefndur **Stórimelur** (38). Utan við Ás og Ásbrún er djúpt gil, **Þverárgil** (39). Eftir því rennur Þverá, sem kemur upp innst í Jafnadal. **Herdísarbúr** (40) heitir fyrir innan Ásbrún utan við Álftafell. Það er botn

stórgrýttur í melum. Þar hefur verið greni. Uppruni óvís. Austan í Álftafelli rétt innan við Herdísarbúr heita **Álftafellsmýrar** (41). Upp af þeim er **Álftafellsgreni** (42). Þar fannst tóa í vor. **Jafnadalur** (43) heitir austan við Ásbrún og Álftafell. **Lakaskarð** (44) er fyrir botni hans. Þar fyrir utan heitir **Þverhjalli** (45), flatur hjalli. Næst fyrir utan Lakaskarð er **Stöðvarskarð** (46) milli Jafnadals og Fáskrúðsfjarðar. **Gráfell** (47) heitir hvítt (líparít)fjall fyrir utan Stöðvarskarð. Yzt við það er Gráfellsskarð. Fyrir neðan Stöðvarskarð eru **Stöðvarskarðsbrekkur** (48), grasi vaxnar. Niður úr þessum brekkum heita **Tungur** (49), og utan við þær er **Kvísl** (50) úr Gráfelli. Fyrir utan og neðan Gráfell heita **Einbúafláar** (51). Á þeim eru **Einbúar** (52) (**Einbúi** (53)), klofinn steinn, mjög hár (10 m). Lækur rennur í gegnum Einbúaklaufina. Þar hefur tóa átt **Einbúagreni** (54). Utar í Jafnadal, meðfram Þverá, heita **Tröllamýrar** (55). Þar fyrir ofan er **Djúpibotn** (56). Þar skammt fyrir utan í fjallinu heita **Tröllagil** (57). Utan við Tröllagil er langur melur, **Ljósimelur** (58). Fyrir utan og ofan hann er klettastallur fram úr fjalli og heitir **Dýjahnaus** (59). Fyrir innan og ofan hann er **Fláaskarð** (60) yfir í Fáskrúðsfjörð. **Jafnadalsmynni** (61) heitir mynnið á þeim dal. Þar rétt fyrir utan er **Munnlaugarmýri** (62) (**Mundlaugar-** (62a)). **Snorragil** (63) og **Snorralækur** (64) heitir rétt innan og ofan við Stöð. (**Stöðvar-**)**Melar** (65) heita frá Þverárgili að innan út að **Hvanngili** (66), en Hvanngil er landamerki milli Stöðvar og Flautagerðis.

Stöð er nú tvö býli, Stöð og Háteigur (1/3 úr Stöð). Þar var kirkja til 1925. Þar heitir **Efratún** (67) og **Neðratún** (68). **Seiglingur** (69) hétu fjárhús efst í túninu og **Seiglingshóll** (70). Kallað var “**Út á grund**” (71) og “**Inn á grund**” (71a). **Mýrar** (72) heita fyrir neðan Stöð, en **Tangi** (73) niður við á, þurrlendari. **Efri-Hjáleiga** (74) og **Neðri-Hjáleiga** (75) hét áður þar, sem Háteigur er nú.

Sunnan ár á Stöð **Stöðvaröldueyri** (76) (**Öldueyri**), sem myndast hefur framan framan við ármynnið sunnan frá fjalli og norður undir **Ós** (77) (**Stöðvarárós**). Stöð á einnig **Fossnes** (78) og nokkrar smáræmur sunnan ár.

Hyljir í Stöðvará að innan: **Skógarholtshylur** (79), svo **Selhylur** (80) (á móti Grænabala) og **Langihylur** (81) á móti Nóngili í Hvalnesfjalli og **Neshylur** (82) nokkru utar. **Tangahylur** (83) niður af Stöð við **Tanga** (84). **Fossárhylur** (85) utan við Fossá og **Silungahylur** (86) innan við Flautagerðiskíl, yzt í Stöðvarlandi.

[Innslegið af Ísari Guðna Arnarsyni.]

Samlesið af SS og HJÁ apríl 2005

Stafrófsskrá örnefna

Afrétt 15	Langihylur 81
Afréttarbrúnir 17	Ljósimelur 58
Álftafellsgreni 42	Melar (=Stöðvarmelar) 65
Álftafellsmýrar 41	Mundlaugarmýri 62a
Álftarfell 18	Munnlaugarmýri 62
Ásbrún 32	Mýrar 72
Brennistaðafjall 22	Neðratún 68
Brennistaðir 24	Neðri-Hjáleiga 75
Djúpibotn 56	Nes 35
Dýjahnaus 59	Neshylur 82
Efratún 67	Ófæruskarð 9
Efri-Hjáleiga 74	Ós 77
Einbúaflláar 51	Sauðarák 10
Einbúagreni 54	Seiglingshóll 70
Einbúar 52	Seiglingur 69
Einbúi 53	Selhylur 80
Fíflahjalli 28	Silungalækur 86
Fláaskarð 60	Skógarholtshylur 79
Fossárhylur 85	Snorragil 63
Fossnes 78	Snorralækur 64
Gráfell 47	Stekkjargil 36
Grænibali 34	Stekkjarmelur 37
Grænudý 25	Stóra-Rák 11
Göngugjót 27	Stórimelur 38
Göngugjótartotn 29	Stórugrjót 13
Háaxlarhjallar 12	Stöðvará 1
Hádegisskarð 14	Stöðvardalur 19
Háöxl 6	Stöðvarmelar (=Melar) 65
Herdísarbúr 40	Stöðvarskarð 46
Hjáleiga, Efri- 74	Stöðvarskarðsbrekkur 48
Hjáleiga, Neðri- 75	Stöðvaröldueyri (=Öldueyri) 76
Hrossamýrar 23	Svarthamar 4
Hústótt 26	Tangahylur 83
Hvalfjall 7	Tangi 73, 84
Hvanngil 66	Tröllagil 57
Hvelfjall 8	Tröllumýrar 55
Inn á Grund 71a	Tungur 5, 49
Innra-Skógarholt 30	Út á Grund 71
Í Ási 33	Ytra-Skógarholt 31
Jafnadalsmynni 61	Þveráin 16
Jökultindur 2	Þverárgil 39
Kvísl 50	Þverhjalli 45
Lakaskarð 21, 44	Öldueyri (=Stöðvaröldueyri) 76